

Mál nr. 236/2019**M og
V v/ almennrar slysatryggingar.****Ágreiningur um hvort maður hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttakið 9.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.8.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveðst M hafa viðbeinsbrotnað af völdum slyss er hann var við vinnu 19. október 2018. Hann leitaði á bráðadeild Landspítalans 22. október 2018. Í bráðamóttökuskra spítalans vegna komunnar þangað segir að M sé „reykingamaður sem hefur verið með viðvarandi hósta sl. 2-3 vikur, hósta í morgun á leið til vinnu og fær þá skyndilegan verk aftan í hæ. thorax.“ Í læknisvottorði (sjúkradagpeningavottorði) heimislæknis, dags. 7. maí 2019, segir að M hafi brotið rifbein við slæman endurtekinn hósta um miðjan október 2018. Í öðru læknisvottorði (sjúkradagpeningavottorði), dags. 10. maí 2019, segir að M hafi orðið fyrir vinnuslysi 19. október 2018, „járnþúnt slóst í síðuna, rifbeinsbrotnaði við það. Sótti á slysideild 22.10.2018 og var þá mjög verkjaður og fékk sterk verkjalyf og staðfest að um rifbeinsbrot var að ræða. Erfitt um að hósta og draga djúpt andann“.

Í tilkynningu M um slysið til V, dags. 7. maí 2019, segir að járnþúnt hafi farið á hann 20. október 2018 að Bugðufæti 12. Krafðist M bóta úr almennri slysatryggingu sem hann hefur í gildi hjá V. Með bréfi V til M, dags. 15. maí 2019, hafnaði V bótaskyldu úr slysatryggingunni þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að líkamstjón hans mætti rekja til slyss í skilningi skilmála slysatryggingarinnar.

Í tölvubréfi til lögmanns M, dags. 5. júní 2019, kveðst vinnufélagi M hafa orðið vitni að því er M klemmdist við störf þegar þeir hafi verið að vinna saman. Það hafi gerst 19. október 2018 að Sæmundargötu 21. Kvaðst vitnið hafa verið að vinna á beygjuvél skammt frá. Hafi hann þá séð þegar M klemmdist þegar hann varð á milli „tonns“ sem var hangandi í krana og „klippiborðs“ sem „tonnið“ var að fara á. Hafi M snúið bakið að vitninu og „tonninu“ og virðist ekki hafa séð þegar kranamaðurinn kom með það með þeim afleiðingum að hann klemmdist á milli. M hafi greinilega verið kvalinn eftir þetta.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum slysatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir eins og segir í vátryggingarskírteini, en með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Gögn málsins eru mjög misvísandi um atvik sem eiga að hafa leitt til þess að hann viðbeinsbrotnaði. Við komu hans á bráðadeild Landspítalans 22. október 2018 var skráð að hann hafi viðbeinsbrotnað að morgni komudags er hann hóstaði í kjölfar viðvarandi hósta í tvær til þrjár vikur. Hliðstæð lýsing kemur fram í læknisvottorði 7. maí 2019. Talsvert ber í milli annars vegar í lýsingu vitnis og hins vegar í tjónstilkynningu M um það hvar og hvaða dag tjónsatvik á að hafa gerst. Engum samtímagögnum er til að dreifa um að viðbensbrotið hafi orðið af öðrum orsökum en hósta. Í ljósi þessa og að virtu heildstæðu mati á sönnunargögnum sem liggja fyrir í málinu verður að telja ósannað að sjúkdómseinkenni M megi rekja til slyss í skilningi vátryggingarskilmála. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildgunnur Hafsteinsdóttir lögfr.